


ÁVARPIÐ

Fréttabréf Ungra vinstri grænna, haust 2008



Sjá, ég færi ykkur
risastórt álver!

Í BLAÐINU:

Landsfundarferð til Akureyrar

Hvað gera Ung vinstri græn?

Stjórn UVG

Landsfundarferð til Akureyrar

Föstudagurinn 3/10


- 17:00 Förum af stað í rútu frá höfuðstöðvum VG, Suðurgötu 3 (101 Rvk.)
22:00 Svefnpokagisting í félagsheimili Þórs á Akureyri (Hamar)

Laugardagurinn 4/10

- 8:00 Allir í sund!
9:30 Förum af stað upp í Lón (Hrísalundi) á Akureyri
10:00 Landsfundur hefst (sjá næst síðu)
18:00 Vísindaferð í ölgerðina Víking (Vífílfell)
21:00 Skemmtikvöld UVG

Sunnudagurinn 5/10

- 13:00 Landsfundur hefst aftur (sjá næstu síðu)
15:00 Landsfundur lýkur
16:00 Förum af stað aftur til Reykjavíkur



Myndir frá fyrri landsfundum



Dagskrá landsfundar

Laugardagurinn 4/10

- 10:00 Mæting í Lóni í Hrísalundi
- 10:30 Fundur settur, starfsmenn fundarins kosnir og gögnum dreift
- 10:45 Ávarp fráfarandi formanns
- 11:00 Skýrsla stjórnar og samþykkt ársreikninga
- 11:20 Kynning á drögum að lagabreytingum, fyrirleggjandi ályktunum og endurskoðaðri stefnufirlýsingu

12:15 Hádegishlé

- 13:00 Almennar stjórn málaumræður
- 14:00 Hópastarf

15:00 Kaffihlé

- 15:30 Afgreiðsla lagabreytinga, stefnufirlýsingar og ályktana
- 17:30 Fundi frestað til morguns

Sunnudagurinn 5/10

- 12:30 Kvikmyndasýning og umræður
- 14:45 Kosning stjórnar
- 15:00 Fundi slitið með ávarpi nýs formanns

ATHUGIÐ!

Til að halda kostnaði í lágmarki munum við gista í svefnpokaplás-si báða dagana og þið þurfið því að taka með ykkur **svefnpoka og dýnu** og ekki er verra að hafa líka með sér **sundföt**. En það kostar samt sitt að leiga rútu og fundarsal og því þurfum að rukka ykkur um landsfundargjald til að kostnaðurinn af fundinum bitni ekki starfinu næsta vetur. Landsfundargjaldið er **2.500 kr.**, innifalið er rútuferð fram og til baka, gisting, fundurinn sjálfur og skemmtunin. Þeir sem ekki fara með rúttunni fá að sjálfsögðu afslátt.

Skráning á uvg@vinstri.is og í síma **8667247** (Finnur).

HVAÐ GERA UNG

HITTAST!

Ungliðastarf er ágæt afsökun fyrir því að kynna nýju fólki. Það er til dæmis aldrei vandræðalegt að tala við UVG-liða því ef allt annað þrýtur má alltaf tala um pólitík. Sem betur fer eru Ung vinstri græn líka einstaklega opið og skemmtilegt fólk sem auðvelt er að kynna. Og svo eru Ung vinstri græn þekkt fyrir að fara oft og mikið í sleik.



DJAMMA!

Stundum fa fundirnir fran og það er en á því í UVG verkefni Ungra að standa fyrir kaffihúsakvöldu og svo framveg

FRÆÐAST!

Auðvitað hittast menn líka á fundum og tala saman um pólitík. Það er varla til betri skóli fyrir fólk sem hefur áhuga á pólitík og vill fræðast um hana. Á fundum hitta menn sérfræðinga og reynda stjórnámálamenn og í samræðum öðlast menn aukna þekkingu og gagnrýna hugsun. Svo er líka bara gaman að þjálfast í rökræðum og framkomu.



GEFA VINSTRI GRÆN?

GEFA ÚT!



Ung vinstri græn koma skoðunum sínum á framfæri með ólíkum hætti. Við gefum út tvö blöð, þetta stutta fréttablað (Ávarpið) og lengra tímarit sem heitir Íllgresi. Við skrifum líka á netið, á heimasíðunni okkar vinstri.is og auðvitað á bloggum. Svo skrifum við reglulega greinar í blöðin til að koma málstaðnum á framfæri.

ra mikilvægustu m eftir miðnætti ginn undantekning. Eitt mikilvægasta a vinstri grænna er tónleikum, bjór- og um, vísindaferðum is.



HAFNA ÁHRIF!



Ungliðar eru um þriðjungur félaga í Vinstri grænum og hafa þar mikil áhrif. Ungliðar eru til dæmis varaþingmenn, sitja í ýmsum nefndum á vegum flokksins og vinna fyrir þingmenn hans. Það er tekið mark á UVG og með því að taka þátt í starfinu er hægt að hafa áhrif sem ekki er hægt að hafa inni í stofu.

Stjórn

Auður Lilja Erlingsdóttir, formaður
Sérstakur hæfileiki: Stjórnsemi.



Elías Jón Guðjónsson, varaformaður
Sérstakur hæfileiki: Hönnun og umbrot.




Steinunn Rögnvaldsdóttir, ritari
Sérstakur hæfileiki: Textasmíði og ótrúlega
ítarlegar fundargerðir.



Erlendur Jónsson, gjaldkeri
Sérstakur hæfileiki: Efnafræði í tölvum.



Andrés Rúnar Ingason, meðstjórnandi
Sérstakur hæfileiki: Samræðutækni.



Finnur Dellsén, meðstjórnandi
Sérstakur hæfileiki: Að vera á móti.



UVG

Kristján Ketill Stefánsson, meðstjórnandi
Sérstakur hæfileiki: Sérfræðiþekking á
menntamálum.



Þórhildur Halla Jónsdóttir, meðstjórnandi
Sérstakur hæfileiki: Mótmæli og gangstéttarhellur.



Þórunn Ólafsdóttir, meðstjórnandi
Sérstakur hæfileiki: Sleikur og mótmæli.



Daníel Haukur Arnarson, varamaður
Sérstakur hæfileiki: Úthringingar.



Katrín Lilja Jónsdóttir, varamaður
Sérstakur hæfileiki: Alþjóðasamskipti.



Kári Páll Óskarsson, varamaður
Sérstakur hæfileiki: Róttæk list.



LANDSFUNDUR UVG

Á AKUREYRI HELGINA 4.-5. OKTÓBER 2008

Hér með er boðað til landsfundar Ungra vinstri grænna, sem haldinn verður á Akureyri 4.-5. október 2008. Sem félagi í UVG hefur þú atkvæðisrétt en aðrir eru líka hjartanlega velkomnir. Aðrir skulu þó ekki örventa því það verður hægt að skrá sig á staðnum.

Þar sem farið verður í rútu til Akureyrar þurfið þið að skrá þáttöku ykkar með því að senda póst á uvg@vinstri.is eða hringja í síma 8667247 (Finnur).

Dagskrá og frekari upplýsingar eru inni í blaðinu.

NYLIÐAKVÖLD 25. SEPTEMBER

Fyrir þá sem hafa tekið engan eða lítinn þátt í starfi UVG verðum við með nýliðakvöld á efstu hæðinni á 22 (Barnum) í Reykjavík fimmtudagskvöldið 25. september kl. 20. Sérstakur gestur er **Katrín Jakobsdóttir**, varaformaður Vinstri grænna.

Allir velkomnir!

